



Fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd

FUNDUR - 4. apríl 2006

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd þriðjudaginn, 4. apríl kl. 18:00 í grunnskólanum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skólasterfið
2. Starfsmannamál.
3. Önnur mál.

Formaður, Margrét Einaradóttir setti fund og gaf skólasterjóra orðið.

Afgreiðslur:

1. Helgi skólasterjóri byrjaði á því að segja frá viðbótarkennslu sem verið hefur undanfarið í 10. bekk vegna samræmdra prófa, í fyrra, 2005 var einnig boðið upp á aukakennslu fyrir þáverandi 10. bekk en skólanevnd lagði til á síðasta skólaári að veitt yrði fjármagn til þess, til þriggja ára vegna verkfalls kennara haustið 2004.

Sumarskemmtun grunnskólans verður sumardaginn fyrsta samkvæmt hefð.

Fræðsluþing Grunnskólans á Blönduósi var haldið 17. mars og þótti takast mjög vel.

Starfsfólk grunnskólans fer í náms- og kynnisferð til Boston í byrjun júní ásamt starfsfólki Höfðaskóla á Skagaströnd.

Foreldraráð er aftur orðið virkt við skólann og var fyrsti fundur þess haldinn fyrir skemmstu en starfsemi þess hefur legið niðri um hríð. Foreldraráð skipa Héðinn Sigurðsson, Sigrún Lovísa Sigurðardóttir og Hanna K. Jörgensen.

2. Eftir páska fara í gang við skólann starfsmannaviðtöl vegna næsta skólaárs.

Um páskana verða auglýstar þær stöður sem lausar eru við skólann.

3. Önnur mál.

Formanni hefur borist bréf frá Íslensku menntaverðlaununum og dreifði bæklingum til fundarmanna til kynningar.

Einnig hefur formanni borist kynningarbréf frá Félagi fagfólks í frítímaþjónustu sem hún kynnti fyrir fundarmönnum, markmið félagsins er m.a. að styrkja fagvitund einstaklinga sem vinna við frítímaþjónustu og efla starfið sem faglega starfsgrein, afrit af þessu bréfi verður sent starfsmönnum þeirra stofnana sem við á.

Borist hefur bréf til bæjarins vegna vinabæjarmóts sem haldið verður 26. júní – 2. júlí n.k. í Horsen í Danmörk, þar sem þemað verður kórastarf. Formaður lagði til að Hugrún Sif yrði valin sem fararstjóri, Hugrún Sif vék



af fundi á meðan umræður stóðu yfir. Nefndarmenn samþykktu tillögu formanns, eftir páska verður auglýst eftir þátttakendum.
Áður hefur komið til umræðu í nefndinni að efla íþróttaiðkun bæjarbúa með einhverju móti og var ákveðið að skipa nefnd sem skoðaði þessi mál og kæmi með tillögur.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00

Margrét Einarsdóttir
Eva Hrund Pétursdóttir
Helgi Arnarson, skólastjóri
Hugrún Sif Hallgrímsdóttir

Árný Þóra Árnadóttir